

Alþingi
Erindi nr. P 130/1507
komudagur 24.3.2004



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK


Amarhvoll 150 Reykjavík
kennitala: 550169 - 2829
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/fjr>


Reykjavík 23. mars 2004

Tilvísun: FJR04030051/001-9/SO/--

Meðfylgjandi er umsögn efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins um tillögu Hjálmars Árnasonar o.fl. um stofnun vetnisráðs.

F.h.r.


Þóli Þór Bollason


Sigrún Ólafsdóttir

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun vetnisráðs

Í tillögunni er réttilega bent á að mikilvægt sé að ríkisstjórnin hafi vettvang til að leita sér ráðgjafar um framvindu vetnismála. Hins vegar er slíkur vettvangur þegar til staðar hjá Orkustofnun og því varla nauðsynlegt að stofna 9 manna vetnisráð til að gegna þessu hlutverki.

Á árinu 2003 var sett á laggirnar skrifstofa fyrir „Vettvang um vistvænt eldsneyti“ hjá Orkustofnun. Reiknað er með að skrifstofan muni vera í samstarfi við Íslenska Nýorku, Háskóla Íslands og helstu orkufyrirtæki landsins og samtök þeirra. Einnig stendur til að skipa verkefnisstjórn með fulltrúum frá ráðuneytum iðnaðar-, umhverfis-, sjávarútvegs-, samgöngu- utanríkis og fjármála og jafnvel fleiri ráðuneyta undir forystu þess fyrst nefnda. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar verður meðal annars að móta stefnu stjórnvalda um aukna notkun innlendra og endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum og í sjávarútvegi á næstu árum.

Það virðist því ekki vera þörf fyrir stofnun vetnisráðs á þessum tímapunkti. Ekki virðist heldur vera þörf fyrir árleg vetnisþing eins og greint var frá í tillögunni. Framvinda vetnisvæðingar er hæg og því eðlilegt að kynna frekar jafnóðum mikilvæg framfaraskref á þessu sviði.